


Auglýsing um skipulag

18.07.2023

Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar í bæjarstjórn Ölfuss þann 27. apríl, í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr.123/2010.

Deiliskipulagstillaga fyrir Þóroddsstaði 2 - lóð d. Tillagan gerir ráð fyrir að lóðinni verði skipt í tvo hluta, markaður byggingarreitir fyrir íbúðarhús og bílskúr á annarri en 9 ferðapjónustuhús á hinni. Heimilt verður að byggja allt að 1450 fermetra af byggingum á báðum lóðunum. Þetta er í samræmi við aðalskipulag Ölfuss 2020-2036.

[Þóroddsstaðir 2 lóð D - deiliskipulagstillaga](#)



Breyting á deiliskipulagi lóðanna Gljúfurárholt 13 og 14 Gerð er tillaga um breytingu á deiliskipulagi lóðanna Gljúfurárholt 13 og Gljúfurárholt 14 sem nú heita Gljúfurholt og Bjarg. Uppbyggingarheimildir eru auknar í samræmi við það sem aðalskipulag Ölfuss heimilar.

[Gljúfurárholt land 13 og 14 - deiliskipulagsbreyting](#)

Tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar Spóavegur 12a Tillagan gerir ráð fyrir að byggja megi íbúðarhús, gestahús og bílskúr á lóðinni í samræmi við heimildir aðalskipulags Ölfuss 2020-2036.

[Spóavegur 12a - deiliskipulagstillaga](#)

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 20. júlí til 24. ágúst 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 24. ágúst 2023.

Eftirtaldar skipulagslýsingar voru samþykktar til auglýsingar í bæjarstjórn Ölfuss þann 29. júní, í samræmi við 1. og 2. málsgrein 40. greinar skipulagslaga nr.123/2010.

Skipulagslýsing vegna hótels og tengdrar starfsemi í Hafnarvík v. Leirur í Þorlákshöfn Lýsingin fjallar um hótél og tengda starfsemi nærri golfvelli Þorlákshafnar. Hugmyndin er að byggja hótél á svæðinu auk minni gistihúsa í samræmi við heimildir í aðalskipulagi Ölfuss.

[Skipulagslýsing vegna hótels í Hafnarvík](#)

Skipulagslýsing vegna nýrra jarðstrengja að fiskeldi vestan Þorlákshafnar Lýsingu fjallar um fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi. Hugmyndin er að breyta bæði þéttbýlis- og dreifbýlisuppdrætti þannig að þeir sýni jarðstrengi frá tengistöð norðan Suðurstrandarveggar að lóðum fiskeldisfyrirtækjanna Landeldis og Geo Salmo.

[Skipulagslýsing vegna jarðstrengja vestan Þorlákshafnar](#)

Skipulagslýsing vegna aðal- og deiliskipulags Ölfusvirkjunar við Fjallið eina Lýsingu fjallar um fyrirhugaða jarðvarmavirkjun við Fjallið eina í Ölfusafrétti en rannsóknir benda til þess að þar sé að finna nægan jarðhita.

[Skipulagslýsing vegna Ölfusvirkjunar](#)

Lýsingarnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 20. júlí til 3. ágúst 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 3. ágúst 2023.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi